



## Stjórnarfundur UÍA

**Haldinn á Egilsstöðum, miðvikudagur 17.05.2023 kl: 17:00**

Mætt eru Benedikt Jónsson formaður, Björgvin Stefán Pétursson, Guðjón Magnússon, Gunnar Gassi Gunnarsson framkvæmdarstjóri og Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir.

### Dagskrá

- Síðasta fundargerð
- Þinggerð Sambandsþing UÍA
- Ný stjórn skipan embætta
- Þing ÍSÍ og formannafundur UMFÍ umfjallanir
- Innsent erindi
- Sumarið 2023
- Önnur mál

Síðasta fundargerð samþykkt samhljóða

### Þinggerð sambandsþing UÍA

Farið yfir þinggerð sambandsþingsins og rætt um ýmislegt sem kom þar fram. Formaður er byrjaður að kalla eftir tölum varðandi ferðakostnað íþróttafélaga á svæðinu og stefnt er að því að kalla saman forsvarsfólk íþróttafélaga á næstunni.

### Ný stjórn og skipan embætta

Óbreytt skipun embætta frá síðasta tímabili.

### Þing ÍSÍ og formannafundur UMFÍ

#### - ÍSÍ þing

Engin stór mál til umfjöllunar á þinginu. ÍSÍ og UMFÍ hafa áhuga á því að koma á fót svæðisskrifstofum ef ríkið gæti komið að því. Ekki er þó alveg ljóst hvert hlutverk starfsmanna ætti að vera.

Búið er að fækka fulltrúm á þingið og kemur það aðallega niður á stærstu íþróttafélögunum. Ekki gátu öll þessi stærstu félög fullmannað sæti sín á þinginu.

#### - Formannafundur UMFÍ

Fræðsla um það hvernig á að takast á við áföll ásamt kynningu á starfi UÍA í sumar (landsmót 50+ og unglingslandsmót).

Árþing UMFÍ verður 21.10. UÍA á fimm þingfulltrúa.

### **Innsend erindi**

Erindi kom frá Helgi Hólm með beiðni um að fá að kynna mótarið í stökkum án atrennu fyrir 30+. Formanni falið að svara honum.

Beiðni um styrk frá fimleikadregjum sem stefna á því að fara í skólavist í Danmörku sem sem leggur áherslu á fimleika. Samþykkt er að styrkja þá um sambærilega upphæð og önnur sambærileg verkefni hafa verið styrkt. Þá er þeim einnig bent á að sækja um styrk til UMFÍ.

### **Sumarið 2023**

Sæbjörn Guðlaugsson, sumarstarfsmaður UÍA kemur til starfa í byrjun júní.

Sumarhátíð UÍA verður haldin dagana 8.-9. júlí. Skoða þarf uppröðun á viðburðum vel. Mótorkrossfélagið START hefur boðist til að vera með sýningu/viðburð á þessum tíma.

Tour de ormurinn verður haldinn 19.08– búið er að mynda hóp með fólki í kringum þá keppni.

Launafsbikarinn – skoðað verður hvernig fyrirkomulag verður á þeirri keppni í sumar.

Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 06.06 kl. 17:00.

Fundi slitið kl. 18:20

Fundargerð ritaði Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir